

Fiskabúrið / Kristín Ósk Matthíasdóttir

Garðabær 5. nóvember 2025

202510-0090/Á.G.

10.03.01

### **Efni: Vatnsfjörður - Vöruskemma**

Náttúruverndarstofnun hefur móttengið umsókn Fiskibúrsins, dagsett 24. október um leyfi vegna framkvæmda innan Vatnsfjarðar í Vesturbyggð.

Vatnsfjörður er friðlýstur sem friðland sbr. [auglýsing nr. 96/1975](#). Mannvirkjagerð og jarðrask og hverskonar breytingar á landi eru háðar leyfi Náttúruverndarstofnunar. Bannað er að skerða gróður, trufla dýralíf og skemma jarðmyndanir eða aðrar minjar að óþörfu.

### **Lýsing verkefnis:**

Um er að ræða framkvæmdir sem miða að því að rífa gamla geymslu á athafna svæði Fiskibúrsins og reisa nýja vélarskemmu á sama stað. Grafið verður niður á frostfrían, burðarhæfan jarðveg, fyllt í grunninn með frostfrírri fyllingu og sökkjar og botnplata staðsteypt. Húsið sjálft verður stálgrindarhús, klætt með stáleiningum og verður 151m<sup>2</sup> að flatarmáli. 4-5 manns munu koma að verkefninu innan friðlýsta svæðisins. Salerni verður leitt í rotþró sem er þegar á planinu. Verkefnið er samkvæmt gildandi skipulagi sveitarfélagsins og stefnt er að hefja það sem fyrst og það muni klárast veturinn 2025-2026. Teikningar fylgdu með umsókninni.

### **Áhrifamat:**

Náttúruverndarstofnun metur að í þessu tilviki mun framkvæmdin ekki hafa áhrif á verndargildi eða ásýnd svæðisins, enda byggt innan athafnasvæðis.

### **Niðurstaða og Skilyrði:**

Náttúruverndarstofnun veitir Fiskibúrinu/Kristínu Ósk Matthíasdóttur fyrir sitt leyti leyfi fyrir framkvæmdinni innan Vatnsfjarðar sbr. lýsingu hér að ofan og að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- **Tilkynna skal til starfsmanns Náttúruverndarstofnunar á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.**
- Náttúruverndarstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Náttúruverndarstofnun í síma 556-6800.
- Vanda skal frágang að verki loknu og tryggja snyrtilega aðkomu að byggingunni.

- Umsækjanda ber að tryggja viðhald mannvirkisins og ef notkun þess er hætt skal það fjarlæggt/afmáð.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask utan framkvæmdarsvæðis og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.

Ef leyfishafi veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Náttúruverndarstofnun t.d. lagt fyrir leyfishafa að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Náttúruverndarstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Náttúruverndarstofnun minnir á að skv. 6. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er öllum skylt að ganga vel um náttúru landsins og sýna ýtrustu varúð þannig að henni verði ekki spillt. Við framkvæmdir, starfsemi, rekstur og önnur umsvif sem áhrif hafa á náttúruna skal gera allt sem með sanngirni má ætlast til svo komið verði í veg fyrir náttúruspjöll.

Leyfi sveitarfélags þarf fyrir framkvæmdinni.

Náttúruverndarstofnun minnir á að undanþágu þarf fyrir mannvirkjum utan þéttbýlis sem eru nær sjó en 50 m sbr. 12. mgr. 45. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 sbr. gr. 5.3.2.14 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

#### ***Leyfisgjald:***

Náttúruverndarstofnun innheimtir gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir, kvikmyndagerðar og/eða myndatöku er kr. **83.200**. sbr. 7. gr. b. gjaldskrá Náttúruverndarstofnunar nr. 354/2025.

#### ***Eftirlit:***

Náttúruverndarstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Náttúruverndarstofnun.

Jón Björnsson  
***svæðissérfræðingur***

Árman Guðmundsson  
***sérfræðingur***